

289. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MIDVIKUDAGUR 13. MARS 2019 KL 9:30

haldinn í þjónustumiðstöð Biskupsstofu í Háteigskirkju, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.
 - a) Fjárhagsleg samskipti, þ. á m. staða sóknargjalda, kirkjujarðasamkomulagið, Jöfnunarsjóður sókna og kirkjumálasjóður.
 - b) Staða friðaðra kirkna, þ. á m. kostnaður v/ endurbóta á Dómkirkjunni.
 - c) Hjálparstarf kirkjunnar og félagsstarf kirkjunnar.
 - d) Framhald og fyrirkomulag samskipta Alþingis og þjóðkirkjunnar.
 - e) Önnur mál.
- 3) Kirkjuþing.

Kirkjuþing 2018, framhaldsfundur hinn 3. mars 2019. Mál sem ganga til kirkjuráðs.
- 4) Fjármál og fasteignir.
 - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 11. mars 2019.
 - b) Hjarðarhagi 30. Eignarhald.
 - c) Saurbær á Hvalfjarðarströnd.
 - d) Launanefnd.
 - e) Hraungerði, Voli. Erindi Petru Mazetti.
 - f) Drangar á Ströndum, erindi Umhverfisstofnunar varðandi friðlýsingu.
- 5) Fræðslumál.
- 6) Starfshópar kirkjuráðs.
- 7) Uppstilling í nefndir, undirbúningur undir júnífund.
- 8) Hlunnindamál prestsetra.
- 9) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Sigurbjörg N. Hansen fjármálastjóri Biskupsstofu að hluta. Sr. Sigfús Kristjánsson og sr. Hildur Björk Hörpudóttir sátu fundinn undir 5. dagskrárlið. Gert var fundarhlé milli kl. 12 og 13 og haldinn fundur með Samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar í Alþingishúsinu.

2. SAMSTARFSNEFND ALÞINGIS OG ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Kirkjuráð ályktar að neðangreind skjöl verði send Alþingi til framlagningar á fundi samstarfsnefndarinnar:

Undir a) lið dagskrár samstarfsnefndarinnar:

- Minnisblað kirkjuráðs og biskups, til samninganefndar og ráðherra dags. 13.02.2019.
- Minnisblað kirkjujarðasamkomulag, virðisútreikningur. Deloitte dags. 20.12.2017,
- Útreikningur á sóknargjöldum. Deloitte dags. 25.05.2018.
- Minnisblað, Jöfnunarsjóður og viðhaldsmál sókna, kirkjuráð dags.18.01.2019.

Undir b) lið dagskrár samstarfsnefndarinnar:

- Minnisblað. Friðlýstar og friðaðar sóknarkirkjur, viðhaldspörf. Kirkjuráð dags. 12.03.2019.

Undir c) lið dagskrár samstarfsnefndarinnar ræddi biskup Íslands starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar og safnaðarstarf þjóðkirkjunnar vítt og breitt um landið.

Undir d) lið fóru fram umræður um framhald og fyrirkomulag samskipta Alþingis og þjóðkirkjunnar og voru þeir sem til máls tóku sammála um að huga þyrfti að breyttu formi þessara samskipta.

Ekkert undir e) lið.

3. KIRKJUÞING 2018, FRAMHALDSFUNDUR, AFGREIÐSLA MÁLA

28. mál. Tillaga að starfsreglum um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

Kirkjuráð mun annast um að starfsreglurnar verði birtar í Stjórnartíðindum.

29. mál. Tillaga til þingsályktunar um stefnu þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

Kirkjuráð mun annast um að stefnan verði birt á vef kirkjunnar.

30. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

Kirkjuráð mun annast um að starfsreglurnar verði birtar í Stjórnartíðindum.

31. mál. Tillaga til þingsályktunar um framhaldandi ráðningu starfsmanns kirkjuþings.

Málið var dregið til baka af flutningsmönnum og hlaut því ekki afgreiðslu kirkjuþings.

Síðari umræða.

2. mál. Skýrsla um fjármál kirkjunnar.

Kirkjuþing afgreiddi málið með nefndaráliti fjárhagsnefndar.

5. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 (Árborg)

Málið hlaut ekki afgreiðslu en var frestað til kirkjuþings 2019.

7. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 (Breiðafj. Stranda)

Kirkjuþing afgreiddi málið.

Kirkjuráð mun annast um að starfsreglurnar verði birtar í Stjórnartíðindum.

8. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 (Eyjafjörður)

Málið hlaut ekki afgreiðslu en var frestað til kirkjuþings 2019.

10. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 (Austfirðir)

Kirkjuþing afgreiddi málið.

Kirkjuráð mun annast um að starfsreglurnar verði birtar í Stjórnartíðindum.

20. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Saubær)

Kirkjuþing afgreiddi málið.

Kirkjuráð mun annast um að starfsreglurnar verði birtar í Stjórnartíðindum.

21. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum (Matsnefnd)

Málið hlaut ekki afgreiðslu kirkjuþings.

23. mál. Tillaga til þingsályktunar um fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

Kirkjuráð mun annast um að fasteignastefnan verði birt á vef kirkjunnar.

4. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

- a) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 11. mars 2019.*
Tekinn fyrir 1. liður dagskrár, Saurbær, erindi varðandi leigu á landspildu. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að hafna erindinu. Tekinn fyrir 2. liður, Syðra Laugaland, erindi varðandi kaup eða leigu á spildu úr jörðinni. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að leigja um 14,3 ha spildu úr jörðinni. Tekinn fyrir 3. liður, styrkir úr kirkjumálasjóði. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að ekki verði veittir styrkir úr sjóðnum að óbreyttri fjárhagsstöðu hans. Tekinn fyrir 4. liður, styrkumsókn Kirkjumiðstöðvar Austurlands. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að styrkur verði hækkaður um 2. m.kr. Kirkjuráð samþykkir að gerð verði gerð heildarúttekt á starfsemi kirkjumiðstöðva landsins með það að markmiði að leitast við að gæta jafnræðis milli landshluta að teknu tilliti til umfangs starfseminnar við fjármögnun hennar úr sjóðum kirkjunnar.
- b) *Hjarðarhagi 30. Eignarhald.*
Kirkjuráð samþykkir að eignarhald færist til embættis Biskups Íslands. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá skjölum þar að lútandi.
- c) *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.*
Lagt var fram bréf biskupsembættisins til sóknarnefnda prestakallsins. Biskup kynnti einnig tillögu sína um starfshóp til að fjalla um framtíðarsýn varðandi Saurbær.
- d) *Launanefnd, endurnýjað umboð.*
Lagt er til að Ragnhildur Benediktsdóttir verði formaður nefndarinnar til 30. júní n.k. Aðrir áður skipaðir til sama tíma eru Egill Heiðar Gíslason og Sigríður Guðmundsdóttir. Tillagan samþykkt.
- e) *Hraungerði, Voli. Erindi Petru Mazetti.*
Erindið lagt fram. Því vísað til fjármálahóps kirkjuráðs.
- f) *Drangar á Ströndum, erindi Umhverfisstofnunar varðandi friðlýsingu.*
Erindið lagt fram. Frestur til að skila athugasemdum er til 10. apríl 2019.

5. FRÆÐSLUMÁL

Kynning fræðsluviðs Biskupsstofu. Kynningin fór fram. Sr. Sigfús Kristjánsson og sr. Hildur Björk Hörpudóttir kynntu starfsemina. Fram kom m.a. áhugaverð hugmynd um fjölskyldukirkju.

6 STARFSHÓPAR KIRKJURÁÐS

Forseti reifaði hugmyndir sínar um breytingar á skipulagi starfshópa kirkjuráðs.

7. UPPSTILLING Í NEFNDIR, UNDIRBÚNINGUR UNDIR JÚNÍFUND

Lögð verður fram skrá um starfandi nefndir á næsta fundi kirkjuráðs og undirbúningur hafinn að því að manna starfsnefndir kirkjunnar.

8. HLUNNINDAMÁL PRESTSETRA

Lagt fram erindi forseta kirkjuráðs varðandi breytingu á starfsreglum. Arna Grétarsdóttir kirkjuráðsmaður vék af fundi við umræðu um málið.

9. ÖNNUR MÁL

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Næsti fundur er áætlaður 10. apríl 2019.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon